


HREISTURSRANNSOKNIR I HRÚTAFJARDARA
A ARINU 1990

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1990 VMST-V/91009X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

INNGANGUR

Hér verður greint frá niðurstöðum af greiningu hreistursýna af laxi, sem safnað var úr stangveiðinni í Hrútafjarðará 1990. Hreistri hefur verið safnað af laxi úr Hrútafjarðará um árabil, en tilgangur þess er að athuga aldurssamsetningu þess lax sem er að ganga í ánni hverju sinni, fá mat á árgangastyrkleika og meta hlutfall þess fisks sem er að skila sér úr sleppingum í ána hverju sinni. Samfellið sýnataka úr ánni hefur staðið yfir allt frá 1977 og þær upplýsingar sem safnað hefur verið eru æ verðmætari.

AÐFERÐIR

Hreistri er safnað af veiðimönnum á veiðitímabilinu og það sett í hreisturspoka. Eftir veiðitíma er hreistrið rannsakað á rannsóknarstofu. Nokkur hreistur eru valin úr til athugunar, og afsteypa tekin á plaststrimil sem síðan er lesinn í sérstakri vél þar sem hægt er að stækka myndina af hreistrinu.

NÍÐURSTÖÐUR

Alls bárust sýni af 88 löxum og reyndust 85 þeirra vera læsileg.

Sjávaraldur

Af sýnum reyndust 42 vera af smálaxi eða 49,4% (Tafla 1). Stórlax, þ.e. lax sem dvalið hafði 2 ár í sjó reyndist vera 50,6% sýnanna. Hugsanlegt er að sýnatakan hafi ekki endurspeglad laxagönguna, þar sem stundum er tilhneiting til að taka sýni frekar af stórum löxum. Einn lax fannst sem hafði áður hrygnt eða 1,2% af sýnafjöldanum.

Ferskvatnsaldur

Ferskvatnsaldur laxanna spennaði 1 - 6 ár. Flestir laxanna voru 3 - 4 ára að aldri, en var verulegur hluti laxanna 1 - 2 ára að aldri eða 28,2%. Einnig varð nokkuð vart við laxa 5-6 ára að aldri (Tafla 1).

Argangar

Uppistaðan í laxagöngunni var af árgögum 1984 - 1987 (Tafla 2). Argangarnir 1982 - 1983 eru að mestu horfnir. Einnig fannst nokkuð af árgangi frá 1988.

Sleppingar

Sé litið á uppruna laxa samkvæmt greiningu hreistursýnanna voru 63,5% af náttúrulegum uppruna. Laxar sem voru upprunnir úr sleppingum sumaralinna seiða í ána voru 18,8% af sýnum og einnig var verulegt magn sem virtust vera af gönguseiða-uppruna eða 17,6%. Þar sem ekki hefur verið sleppt gönguseiðum í Hrútafjarðará, er um flækinga að ræða hugsanlega úr Miðfjarðará, en einnig er hugsanlegt að um hraðvaxta summaralin seiði sé að ræða sem flokkist sem gönguseiði, þar sem ætíð er hætta á einhverri skekkju við lesningu hreistursýna.

UMRÆÐA

A undanförnum árum hafa rannsóknir leitt í ljós að summarlin seiði eru oft á tíðum verulegur hluti veiðinnar í Hrútafjarðará. Endurheimtur þeirra eru þó háðar sveiflum í umhverfispáttum eins og heimtur af náttúrulegum laxi. Líklegt er þannig að í árum þar sem umhverfiskilyrði eru erfið, þá sé summaröldum seiðum hættara við að ganga ekki til sjávar þar sem vatnshitinn lækkar þegar ofar dregur í ánni. Að sama skapi í góðum árum er líklegt að þau gangi niður í verulegu magni. Því má leiða líkur að því að þau skili sér einkum vel þegar umhverfisskilyrði eru hagstæð og endurheimtuprósenta sveiflist frá 0.5-1.5% í veiði. A árinu 1990 er líklegt að 30 - 40 laxar í veiðinni séu úr sleppingum sumaralinna seiða og jafnvel í slæmun árum þegar laxgengd er léleg muni þannig verulega um þá laxa sem bætast við veiðina úr sleppingum.

TAFLA 1
Aldurssamsetning og kynjahlutfall laxa
samkvæmt greiningu hreistursýna úr
stangveiði í Hrútafjarðará 1990.

Ferskv	1 ár i sjó					2 ár i sjó					% Fjöldi
	Hæ	Hr	Øs	Alls	Hæ	Hr	Øs	Alls	Fjöldi		
1	2	5	1	8	1	3		4	12	14,1	
2	4	6	1	11	1			1	12	14,1	
3	4	2	7	13	7	8		15	28	32,9	
4	5	2		7	5	10	2	17	24	28,2	
5	3			3	4	1		5	8	9,4	
6						1		1	1	1,2	
Fjöldi	18	15	9	42	18	23	2	43	85		
% Fjö				49,4				50,6		100,0	

TAFLA 2
Skipting hreistursýna af laxi úr
Hrútafjarðará 1990 eftir árgöngum

Argangur	Fjöldi	% Fjöldi
1982	1	1,2
1983	5	5,9
1984	20	23,5
1985	22	25,9
1986	14	16,5
1987	15	17,6
1988	8	9,4
Samtals	85	100,0

TAFLA 3
Skipting hreistursýna eftir uppruna lax
og sjávaraldri.

Aldur í sjó	Náttúrulegur	Sumaralin	Flækningar	Alls
1 Ár	18	14	10	42
2 ár	36	2	5	43
Samtals	54	16	15	85